

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra.

Þjóðólfshagi, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 26. maí 2010, tillögu að breyttu deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Þjóðólfshaga, Rangárþingi ytra. Helsta breyting frá eldra skipulagi er að bætt er við 2 lóðum, verða alls 35 og einnig er byggingarmagn aukið. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Eldra deiliskipulag dagsett 15. maí 2000, fellur úr gildi samfara breytingunni.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Haukadalur, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 5 ha spildu.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 10. júlí 2008 deiliskipulagstillögu í landi Haukadals, Rangárþingi ytra. Tillagan tekur til íbúðarhúss, skemmu og gestahúss. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Garður, Rangárþingi ytra, deiliskipulag á 69,2 ha landspildu.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 7. apríl 2011, tillögu að deiliskipulagi Garðs, nýbýlis úr landi Svinhaga á Rangárvöllum. Skipulagið tekur til íbúðarhúsa, frístundahúsa, véla- og verkfæraskemmu. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hjarðarbrekka, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 2 ha svæðis úr landi Hjarðarbrekku.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. júní 2011, tillögu að deiliskipulagi í landi Hjarðarbrekku á Rangárvöllum. Tillagan tekur til íbúðarhúsa, bílskúra og útihúsa. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skotíþróttasvæði á Geitasandi, Rangárþingi ytra, deiliskipulag æfingasvæðis, aðstöðu og öryggissvæða.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 7. júlí 2011, tillögu að deiliskipulagi skotíþróttasvæðis á Geitasandi, Rangárvöllum. Tillagan tekur til æfingasvæðis til skotíþróttar, ásamt nauðsynlegri aðstöðu og öryggissvæða. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fagrahlíð, Rangárþingi eystra, deiliskipulag þriggja byggingarreita á 3 ha svæði.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 14. maí 2009 deiliskipulagstillögu í landi Fögruhlíðar, Rangárþingi eystra. Tillagan tekur til íbúðarlóða auk lóðar fyrir hesthús og skemmu. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Langanes, frístundabyggð, Rangárþingi eystra, breyting á skipulagsskilmálum í deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 24. maí 2006, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggða. Breytingartillagan tekur til hámarksstærðar húsa og hámarkshæðar.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Efri-Hvoll, Rangárþingi eystra, deiliskipulag 7,67 ha lóðar.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 10. febrúar 2011 tillögu að deiliskipulagi lóðar úr landi Efra-Hvols, Rangárþingi eystra. Tillagan tekur til íbúðarhúsa og geymslna/gestahúsa. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skeggjastaðir, Rangárþingi eystra, deiliskipulag 4 ha spildu.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. maí 2011 tillögu að deiliskipulagi lóðar úr landi Skeggjastaða í Landeyjum. Tillagan tekur til frístundahúss, skemmu og geymslu. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Dægra, Rangárþingi eystra, deiliskipulag 3 ha svæðis úr landi Dægru.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. maí 2011 tillögu að deiliskipulagi Dægru í Landeyjum. Tillagan tekur til íbúðarhúss, geymslu og stækkunar á frístundahúsi og skemmu. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Eystra-Seljaland, Rangárþingi eystra, deiliskipulag ferðatengdrar þjónustu.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 13. janúar 2011 tillögu að deiliskipulagi lóðar úr landi Eystra-Seljalands undir Eyjafjöllum. Tillagan tekur til frístundahúsa og smáhýsa. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Stóra-Mörk, Rangárþingi eystra, deiliskipulag íbúðarhúss, útihúsa og smáhýsa.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 13. janúar 2011 tillögu að deiliskipulagi í landi Stóru-Merkur. Tillagan tekur til íbúðarhúss, stækkunar á íbúðarhúsi, útihúsa og smáhýsa. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skeið, Rangárþingi eystra, deiliskipulag 14,3 ha svæðis fyrir íbúðarhús, hesthús og vélageymslu.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. maí 2011 tillögu að deiliskipulagi jarðarinnar Skeiðar í Landeyjum. Tillagan tekur til íbúðarhúsa, frístundahúss, hesthúss og vélageymslu. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 15. október 2011.

F.h. Rangárþings eystra og Rangárþings ytra,

Rúnar Guðmundsson,
skipulagsfulltrúi Rangárþings bs.